

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1151. tbl - 25. árg.

13. mars 2025



Hreinsuðu völlinn í sameiningu



Mars er genginn í garð, vorið nálgast og fótboltinn er farinn að rúlla af stað. Það kemur sér vel að vera með gervigrasvöll sem iðkendur í Snæfellsbæ geta notað allan ársins hring þegar kemur að æfingum og leikjum. Snjór-

inn vill þó verða fyrir og eftir snjóþunga mánuði er erfitt að spila á vellinum. Það er hins vegar ekki látið stoppa sig hér og hafa iðkendur, foreldrar og þjálfarar lagst á eitt við að hreinsa völlinn.

Hópur iðkenda eyddi tíma sín-

um í síðastliðinni viku á milli æfinga og skóla í að hreinsa snjó af vellinum svo hægt væri að spila á honum um helgina.

Öll vinnan bar árangur og tók 4. flokkur, strákar og stelpur, á móti ÍBV um helgina. Liðin frá Vest-

mannaeyjum gerðu helgarferð úr þessu, gistu í Grunnskóla Snæfellsbæjar og var spilað á nýmokudum vellinum á laugardag og sunnudag.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700

www.fmis.is



Áhöfn og útgerð styrktu Krabbameinsfélagið



Áhöfn og útgerð Ólafs Bjarnasonar SH 137 gerðu sér lítið fyrir og styrktu Krabbameinsfélag Snæfellsness um 500.000 krónur á dögnum. Byrjaði áhöfnin að safna skeggmottu í gamni eftir áramót og þegar leið á febrúar langaði þeim að fara með það eitthvað lengra fyrst það stýttist í Mottumars. Mottumars er árlegt átaksverkefni Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameini hjá körlum og er þá bæði safnað skeggmottu og áheitum, í ár er áhersla lögð á tengingu milli lífstíls og krabbameina. Áhöfninni á Ólafi Bjarnasyni langaði að láta gott af sér leiða fyrir nærsamfélagið og nýttu sína mottusöfnun í að styrkja Krabbameinsfélag Snæfellsness en áhöfnin lagði út helming styrkjarins og útgerðinn hinn helminginn. Það voru þær Eygló Kristjánsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Snæfellsness, og Guðrún Þórðardóttir, varamaður í stjórn, sem hittu áhöfnina fyr-

ir hönd Krabbameinsfélags Snæfellsness og tóku við rausnarlegu framlaginu og afhentu þeim í þakklætisskyni Mottumarssokka. Félagið er afar þakklátt fyrir stuðninginn og framtakssemina en það er fyrir tilstuðlan fyrirtækja og einstaklinga sem styðja félagið með þessum hætti að félagið geti styrkt félagsmenn sína sem glíma við krabbamein. Áhöfn og útgerð Ólafs Bjarnasonar hvetja aðrar útgerðir og fyrirtæki á Snæfellsnesi að gera slíkt hið sama en nú þegar hafa nokkrir svarað kalliinu, til að mynda mun CF Snb á Rífi taka þátt í Mottumars þann 29. mars og mun allt þátttökugjald þann daginn renna óskert til Krabbameinsfélags Snæfellsness. Það er aldrei hægt að vita hvenær einhver þarf á styrk frá félaginu að halda og er það ómetanlegt að geta sótt stuðning frá Krabbameinsfélagi Snæfellsness.

SJ

Landsliðið keppir í Þjóðadeild UEFA

Sædis Rún Heiðarsdóttir hefur undanfarið staðið í ströngu með A landsliði kvenna í knattspyrnu en þær keppa nú í Þjóðadeild UEFA. Íslenska liðið er með eitt stig í riðli sínum eftir tvo útileiki í febrúar. Þar gerðu þær markalaust jafntefli gegn Sviss og 2-3 tap gegn Frakklandi. Í apríl mun

liðið spila heimaleiki á Þróttarvelli en 4. apríl tekur liðið á móti liði Noregs og 8. apríl spila þær leik á móti Sviss. Í byrjun mars kom í ljós að Ísland situr í 13. sæti á nýjum heimslista FIFA en þetta er besti árangur liðsins frá upphafi.

JJ

Bjartur Bjarmi framlengir

Bjartur Bjarmi Barkarson hefur framlengt samning sinn við Aftureldingu. Bjartur, sem er 22 ára, hefur spilað sem miðjumaður hjá Aftureldingu síðan 2022 og hefði samningur hans hjá félaginu runnið út eftir komandi tímabil. Eftir framlengingu á samningnum er hann samningsbundinn Aftureldingu næstu þrjú tímabil, út tímabilið 2027. Bjartur hefur verið lykilleikmaður hjá Aftureldingu síðustu ár en hann hefur spilað nánast alla leiki með liðinu síðustu tvö ár og eftir sumarið 2024 var hann valinn besti leikmaður liðsins. Afturelding spilaði sig upp í Bestu deildina á síðasta tímabili og átti Bjartur sinn þátt í því. Í tilkynningu sem Afturelding gaf frá sér segist félagið fagna því að Bjartur hafi framlengt sam-

ninginn og að spennandi verði að sjá hann spila í Bestu deildinni.

SJ



Hafkaup

www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

JÖKULL

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU

- stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 14. - 31. júlí 2025

Allar upplýsingar veita Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

854 2211 - jon@malbikun.is

Týsnes 4, Akureyri - Malbikun.is

Lionsklúbburinn Rán gaf lyfjadælu

Dvalarheimilið Jaðar fékk á dögunum rausnarlega gjöf frá Lionsklúbbum Rán. Klúbburinn gaf Jaðri svokallaða lyfjadælu að andvirði 275.000 krónur. Lyfjadælan er af gerðinni BD og heitir Bodyguard. Dælur sem þessar eru notaðar í lyfjagjöf undir húð en slík tæki hafa hingað til ekki verið til á heimilinu. Dæluna er meðal annars hægt að nota við lífsloka-

meðferð og bætir hún gæði meðferðar til muna með samfelldri lyfjastillingu. Þórey Úlfarsdóttir og Guðbjörg Þuríður Ágústsdóttir afhentu Jaðri gjöfina fyrir hönd Lionsklúbbsins Ránar. Á myndinni má sjá Sigrúnu Erlu Sveinsdóttur, forstöðukonu Jaðars, taka við gjöfinni.

JJ



Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.

Upplýsingar um auglýsingaverð á www.steinprent.is

 **STEINPRENT**
436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is

Matur, grín og gleði á Góugleði í Röst

Góugleði utan Ennisvar haldin í félagsheimilinu Röst á Hellissandi síðastliðinn laugardag. Miðasala á gleðina gekk vonum framár og fór svo að nefndin seldi einnig miða bara á ballið. Kynnar hátíðarinnar voru Guðmundur Jensson og Sólveig Bláfeld og slógu þau í gegn í því hlutverki. Veitingastaðurinn Sker sá um að matreiða dýrindis mat ofan í gestina áður en nefnd Góugleðinnar sýndu skemmtiatriði sem þau hafa unnið að undanfarnar vikur. Hljómsveitin Bland sá svo um að halda uppi stuðinu fram á nótt.



Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Optical Studio heimsækir Snæfellsnes

Núna á fimmtudaginn 13. mars heimsækir Optical Studio gleraugnaverslun Snæfellsnes og mun setja upp fullbúna verslun í samkomuhúsinu á Grundarfirði þann dag. Verslunin verður opin frá 9:30-18:30 þann dag.

Í samtali við Huldu Guðnýju Kjartansdóttur framkvæmdastjóri Optical Studio kom fram að í 40 ára sögu verslunnar hefur verslunin eignast fjölda viðskiptavina út um allt land. Segir hún að nú sé tekið það skref að færa þjónustuna nær okkar landsbyggðarviðskiptavinum og um leið að ná betur til nýrra viðskiptavina og að sýna okkar nýjustu gleraugnatísku bæði í gleraugnaumgjörðum og sólgleraugum.

Við munum mæta með mikið úrval af okkar fallegu vöru, bæði af umgjörðum og sólgleraugum og munum bjóða 20% afslátt af öllum vörum þennan dag.

Sjónmælingar fara fram á staðnum með nýjasta tækjabúnaði á því sviði. Hægt er að bóka tíma í sjónmælingar á opticalstudio.is og á noonna.is eða í síma 511-5800. En



einnig er líka hægt að koma við og skoða úrvalið og versla á staðnum óháð tímabókunum.

Við hvetjum alla til að kíkja við til okkar á fimmtudaginn og sjá úrvalið sem við höfum upp á að bjóða. Einnig verðum við með mikið af flottum sólgleraugum á góðu verði.



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Rauða krossins í Snæfellsbæ
verður haldinn fimmtudaginn 13. mars 2025
kl. 20.00 í Átthagastofunni.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórn Rauða krossins Snæfellsbæ

Söngvakeppni Samvest í Klifi

Fimmtudaginn 6. mars komu 350 ungmenni af Vesturlandi saman þegar Söngvakeppni Samvest fór fram í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Um er að ræða undankeppni á Vesturlandi fyrir Söngvakeppni Samfés sem fer fram í Laugardalshöllinni í maí. 25 keppendur frá sjö félagsmiðstöðvum tóku þátt í keppninni og stigu á svið. Félagsmiðstöðin Afdrep og nemendraáð Grunnskóla Snæfellsbæjar sáu í sameiningu um undirbúning og skipulag keppinnar og var allt til fyrirmyndar hjá ungmennunum og starfsfólki. Öflugt samstarf á milli grunnskóla og félagsmiðstöðvar skilar sér í fjölbreyttum og metnaðarfullum viðburðum hjá ungmennum en það er ekki sjálfgefið að ungmenni taki þátt í skipulagningu á stórum viðburðum líkt og þessum. 12 frábær atriði stigu á svið og tvö efstu sætin munu taka þátt í Söngvakeppni Samfés fyrir hönd Vesturlands. Félagsmiðstöðin Óðal í Borgarnesi hreppi 1. sætið í ár og félagsmiðstöðin Arnardalur frá Akranesi lenti í 2.



sæti. Félagsmiðstöðin Afdrep átti þrjú atriði í keppninni, þar á meðal var Nína Líf Örvarsdóttir sem söng House of the rising sun og lenti í 3. sæti. Að keppninni lokinni spiluðu strákarnir í hljóms-

sveitinni Tónhýl á balli kvöldsins áður en ungmennin héldu heim á leið. Ungmenni félagsmiðstöðvarinnar Afdreps og nemendaráðs Grunnskóla Snæfellsbæjar sýndu mikla hæfileika, kjark og sam-

stöðu á söngvakeppninni, bæði með skipulagningu en einnig með því að stíga á svið, bæði sem keppendur í söngvakeppninni en einnig sem kynnar, og var mikil ánægja með vel heppnað kvöld.

Stækkun á Grundarfjarðarhöfn

Framkvæmdir standa nú yfir á Grundarfjarðarhöfn en verktakar á vegum BM Vallá reistu húseiningar í nýja viðbygging við hafnarhúsið í byrjun mánaðarins. Sökkuleiningum var komið á sinn stað í grunni hússins í febrúar en bæði sökkklar og veggir húsnaðisins eru úr forsteyptum einingum með veðurkápu. BM Vallá sá um smíði, flutning og uppsetningu húseininganna, Almenna umhverfisþjónustan ehf sá um jarðvinnu og gluggasmíðin var í höndum Gráborgar ehf. Eiður Björnsson, byggingarmeistari, Guðni Guðnason, pípulagningarmeistari, Sigurður Þorkelsson, rafvirkjameistari og Eymar Eyjólfsson, múrarmeistari, koma einnig að framkvæmdinni.

Þessi nýja viðbyggingu hafnarhúsins mun nýtast á tvo vegu, annars vegar stækkar aðstaða hafnarstarfsmanna og hins vegar verður komið upp þjónustu aðstöðu vegna móttöku skemmtiferðaskipa. Í hluta viðbyggingarinnar verður salernisaðstaða fyrir gesti skemmtiferðaskipa og er



ætluð að opna aðgengi fyrir almenna gesti sömuleiðis með gjaldhliði. Í hinum hluta viðbyggingarinnar verður svo aðstaða fyrir starfsfólk sem kemur að skipamóttöku, það er bít-

stjóra, leiðsögufólk, umboðsmenn og fleiri.

Mikil aukning hefur verið í komum skemmtiferðaskipa síðustu árin en núna strax í byrjun árs er búið að bóka 78 skipakom-

ur í Grundarfjarðarhöfn sumarið 2025 og yfir 80 skipakomur fyrir sumarið 2026, þó alltaf megi búast við einhverjum afbökunum

SJ

Kötturinn sleginn úr tunnu

Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur þann 5. mars síðastliðinn. Á leikskólum Snæfellsbæjar mættu börn og starfsfólk í búningum, héldu öskudagsball og slógu köttinn úr vel skreyttum tunnum. Öll börnin fengu snakk úr tunnunum og dónsuðu svo og skemmtu sér. Á Hellissandi gengu börnin upp í Ráðhús Snæfellsbæjar að ballinu loknu þar sem þau sungu fyrir starfsfólkið, að

söngnum loknum uppskaru þau lófaklapp og fengu góðgæti að launum. Seinni part dags héldu svo kátir krakkar af stað um Hellissand þar sem gengið var í hús og sníkt gott í gogginn. Troðfullir pokar af góðgæti og himinlifandi en þreytt börn skiluðu sér svo í hús að degi loknum.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**


Tímarpantanir í síma 436-1111

Kúttmagakvöld Lions í Grundarfirði

Árlegt Kúttmagakvöld Lionsklúbbs Grundarfjarðar fór fram í Fjölbrautaskóla Snæfellinga laugardagskvöldið 8. mars síðastliðinn. Gísli Einarsson sá um veislustjórn, skemmtiatriðin voru á sínum stað og happdrætti að ógleymdri sjávarréttu veislunni sem stendur alltaf fyrir sínu. Allur ágóði kvöldsins rann til góðgerðarmála líkt og venjan er og að þessu sinni voru það Golfklúbburinn Vestarr og Skotfélag Snæfellsness sem fengu að njóta góðs af. Golfklúbburinn Vestarr keypti nýlega landið sem hýsir golfvöllinn og Skotfélag Snæfellsnes stendur nú í mikilli uppbyggingu á æfingasvæðinu og mun halda Evrópumót í skotfimi í ágúst svo að styrkurinn mun nýtast afar vel á báðum stöðum.

SJ






Krabbameinsfélag Snæfellsness
Við erum hér fyrir þig!

Aðalfundur Krabbameinsfélags Snæfellsness verður haldinn í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík fimmtudaginn 20. mars kl. 20:00

Dagskrá:

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Þorbergur Bæringsson segir okkur frá sinni reynslu, hvernig það er að greinast með krabbamein
- Önnur mál

**Öll velkomin!
Léttar veitingar í boði**



Veik staða Alþingis og tilskipanir ESB

Fyrir nokkrum árum benti Krístrún Heimisdóttir á það í blaðagrein að Alþingi nýtti ekki það svigrum sem þjóðþingið hef-

ur. Tilskipanir eru teknar hráar upp án þess að þær seu aðlagðar að íslenskum veruleika. Þetta er að sjálfsögðu alvarlegt mál.

Engar serstakar undirtekti voru við grein Krístrúnar. En málið er mikilvægt eftir sem áður. Á Íslandi eru ríkjandi aðstæður sem reglugerðarsmiðir ESB þekkja ekki og geta ekki þekkt. Það er ekki í þeirra verkahring. Hins vegar er aði i verkahring þjóðþingsins að gæta hagsmuna þjóðarinnar og atvinnulífs hennar. Það verður aðeins gert ef þingið hefur til þess nægilegan styrk. Nu er það öllum ljóst að hluti þingmanna sinnir ekki skyldum sínum nema að litlu leyti. Menn eru blaðrandi

ut og si-uður þa sjaldan að þeir mæti á þingfundi. A nefndarfundur eru þingmenn eins og sofandi búálfar. Þetta verður að breytast. Þingmenn verða að taka sjálfa sig alvarlega. Til þess hafa þeir tímabundið lyðræðislegt umboð. Ef þeir sinna ekki skyldum sínum á forseti þingsins að senda þeim aminningu. Ef það dugar ekki á að senda aðra áminningu. Og það dugar ekki á að henta þeim ut. I bokstaflegri merkingu.

Hrafn Arnarsson



Jökull Bæjarblað



steinprent@simnet.is



436 1617



SNÆFELLSNES

Verðum með verslun í Samkomuhúsinu Grundarfirði, Sólvöllum 3
fimmtudaginn 13. mars frá kl. 9:30 - 18:00

20% afsláttur af öllum vörum

Optical Studio

Tímabókanir í sjónmælingar í síma 511-5800,
á noona.is og á opticalstudio.is

